

Teymi um uppbyggingu félags- og atvinnumála í kjölfar COVID-19

Dagsetning: 10.12.2021

Efni: Stöðuskýrsla teymis um uppbyggingu félags- og atvinnumála í kjölfar COVID-19.

Félagsmálaráðuneytið, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga komu á fót teymi um uppbyggingu félags- og atvinnumála í gegnum COVID-19 heimsfaraldur þann 26. maí 2020 sem ætlað er að miðla og safna upplýsingum um stöðu félags- og atvinnumála á landsvísu og fylgja eftir aðgerðum ríkisstjórnarinnar er það varðar.

Uppbyggingarteymið fundaði að jafnaði aðra hverja viku og gaf út stöðuskýrslur í kjölfar þeirra sem dreift var til hlutaðeigandi og ráðgefandi aðila allt fram á mitt ár 2021. Á haustmisseri ársins 2021 hafa fundir verið færri og meira í formi samtals. Atvinnuleysi hefur farið hratt niður á þessu ári og atvinnuátakið **Hefjum störf** hefur gengið framár björtustu vonum. Fram hefur komið á fundum uppbyggingarteymis að enga fjölgun sé að sjá í þróun fjárhagsaðstoðar til framfærslu hjá sveitarfélögum sem rekja megi til aukins atvinnuleysis í heimsfaraldri. Aðeins verður fjallað um það í þessari skýrslu en uppbyggingarteymið mun í framtíðinni gefa út stöðuskýrslur eftir þörfum í faraldrinum. Einnig hefur það komið fram að sveitarfélög séu komin með afar góða ferla í viðbrögðum þegar smitum fjölgar í samfélaginu sem gerir þörf fyrir breytt samtal ólíkra aðila síður knýjandi þegar komið er svo langt inn í faraldurinn.

Í stöðuskýrslu sautján er fjallað um þjónustu við flóttafólk, annars vegar hjá Reykjavíkurborg og hins vegar hjá Vinnumálastofnun auk þess sem þar eru upplýsingar um þróun fjárhagsaðstoðar til framfærslu hjá Reykjavíkurborg á þessu ári.

Áhugavert í sautjándu stöðuskýrslu

- Velferðarsvið Reykjavíkurborgar vann greiningu á **þjónustu við flóttafólk á árinu 2020** og þar kemur m.a. fram að svo virðist sem að kvóttافلóttafólk þurfi lengur á fjárhagsaðstoð til framfærslu að halda en aðrir hópar flóttafólks.

[Sjá gögn velferðarsviðs RVK um þjónustu við flóttafólk árið 2020](#)

- Sértæk þjónusta við flóttafólk hjá Vinnumálastofnun skilar góðum árangri en alls hafa um **47% þjónustuþega á árinu 2021 fengið starf**.
- Velferðarsvið Reykjavíkurborgar vann greiningu á **þróun fjárhagsaðstoðar til framfærslu allt fram í september á árinu 2021**. Þar kemur skýrt í ljós að þeim fækkar, mánuð fyrir mánuð, sem þurfa fjárhagsaðstoð til framfærslu á árinu 2021. Flóttafólki sem fær fjárhagsaðstoð til framfærslu hefur fækkað úr 304 í sept. 2020 í 227 í sept. 2021.

[Sjá gögn velferðarsviðs RVK frá sept. 2021 um þróun fjárhagsaðstoðar á árinu 2021](#)

Flóttafólk sem fékk þjónustu frá velferðarsviði RVK árið 2020

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar vann greiningu á þeim hópi fólks sem fékk þjónustu velferðarsviðs á árinu 2020 og skilgreint er sem flóttafólk. Alls fengu 797 einstaklingar sem Reykjavíkurborg skilgreinir sem flóttafólk, þjónustu hjá velferðarsviði á árinu 2020 þ.e. 481 karl (60%) og 316 konur (40%).

Flóttafólki með þjónustu velferðarsviðs hefur fjölgað úr 287 á árinu 2018 í 797 á árinu 2020 eða um 178% á tveimur árum. Á sama tíma veitti Útlendingastofnun 904 einstaklingum vernd þ.e. á árunum 2019 og 2020. Fjárhagsaðstoð til framfærslu fengu 533 einstaklingar eða 67% alls flóttafólks með þjónustu velferðarsviðs. Alls fengu 2.539 einstaklingar fjárhagsaðstoð til framfærslu á árinu 2020 og því var flóttafólk um 21% af heildinni. Ef litið er til fjölskyldugerðar flóttafólks sem fær fjárhagsaðstoð til framfærslu þá eru einhleypir karlar fjölmennastir eða um 37% og þar á eftir kemur gift/sambúðarfólk með börn sem er um 26%.



Þegar horft er til upprunallands flóttafólks sem fær þjónustu velferðarsviðs þá er fólk frá Venesúela (171 einstaklingur þ.e. 21%) og Írak (110 einstaklingar þ.e. 14%) fjölmennasti hópurinn. Það endurspeglar þjóðerni þeirra sem fengu vernd, þar sem langflestir voru frá Venesúela.

Þegar tímalengd aðstoðar fyrir það flóttafólk sem fær fjárhagsaðstoð er skoðuð kemur í ljós að meðallengd aðstoðar vegna flóttafólks sem fékk stöðu á árinu 2019 er 9,7 mánuðir. Lengsta aðstoð þarf það fólk sem fékk dvalarleyfi vegna mannúðarástæðna eða 16 mánuði að meðaltali á meðan meðaltími aðstoðar vegna fólks sem fékk dvalarleyfi sökum alþjóðlegrar verndar var 9,31 mánuður. Meðallengd aðstoðar vegna fólks sem fékk dvalarleyfi vegna fjölskyldusameiningar var 10,57 mánuðir.

Áhugavert er að skoða myndina hér að neðan sem sýnir þróun og spá um tímalengd aðstoðar við annars vegar kvótaflóttafólk og hins vegar annars flóttafólks. Þar má skýrt sjá mun og svo virðist sem að til lengri tíma þurfi kvótaflóttafólk lengri tíma til aðlögunar. Ef horft er til tímalengdar má sjá að um 68% kvótaflóttafólks þarf ennþá fjárhagsaðstoð til framfærslu að fjórum árum liðnum en það hlutfall er 48% hjá öðru flóttafólki. Á myndinni til hægri má sjá að aðlögun kvótaflóttafólks fer upp og niður yfir lengra tímabil og ef spár Reykjavíkurborgar ganga eftir má reikna með því að ennþá þurfi um 10% kvótaflóttafólks fjárhagsaðstoð til framfærslu þegar fimmtán ár eru liðin frá því það kom til landsins.¹

Hér má nálgast gögn velferðarsviðs Reykjavíkurborgar vegna þjónustu við flóttafólk á árinu 2020

Kvótaflóttafólk og annað flóttafólk með fjárhagsaðstoð til framfærslu árin eftir komuna til landsins



¹ Sá fyrirvari er settur að um fámennan hóp kvótaflóttafólks er að ræða þannig að litlar breytingar á hópnum geta haft mikil áhrif á prósenturnar.

Þjónusta Vinnumálastofnunar við flóttafólk í atvinnuleit

Vinnumálastofnun hóf í upphafi ársins 2016 að bjóða upp á markvissa þjónustu og ráðgjöf sniðna að þörfum flóttafólks sem er vinnufært og í atvinnuleit. Á árinu 2017 var skipuð nefnd um samræmda móttöku flóttafólks og á árinu 2019 hófst tilraunaverkefni um samræmda þjónustu við flóttafólk hjá Vinnumálastofnun. Vinnumálastofnun hefur boðið upp á þjónustu við bæði kvótaflóttafólk og flóttafólk sem fær alþjóðalega vernd og segja má að þjónustan sé þrífætt þ.e. að bera ábyrgð á íslensku og samfélagsfræðslu fyrir flóttafólk, sjá um aðstoð við atvinnuleit og aðra virkni og í þriðja lagi að aðstoða við að meta nám sem fólk hefur aflað sér í öðru landi.

Fjórir ráðgjafar sinna þjónustunni auk deildarstjóra og berast tilvísanir í þjónustuna frá félagsþjónustu sveitarfélags. Með samkomulagi um samræmda móttöku flóttafólks er gerð krafa um samstarf Vinnumálastofnunar og félagsþjónustu sveitarfélaga.

Frá árinu 2016 hefur fjöldi flóttafólks sem þiggur þjónustu Vinnumálastofnunar aukist ár frá ári og er meðalaukning í þjónustuna um 38% á ári. Út frá spám er gert ráð fyrir því að fjöldi flóttafólks í þjónustu verði um 650 á næsta ári. Í dag hafa 488 einstaklingar fengið þjónustu á höfuðborgarsvæðinu það sem af er ári og gert er ráð fyrir því að fjöldinn muni ná 500 fyrir lok árs. Algengustu tungumál fólks eru arabíska, enska og spænska og eru ráðgjafar Vinnumálastofnunar í deildinni með færni í þeim tungumálum. Alls hafa 488 einstaklingar fengið þjónustu á árinu 2021 frá 44 þjóðlöndum, flestir eru frá Venesúela eða um 132 einstaklingar sem flestir hafa menntun á bakinu. Karlar eru um 59% þjónustuþega og konur 41%. Myndin sýnir þróun í þjónustu árin 2016-2021 með spá um árið 2022.

Ár	Fjöldi í þjónustu	Aukning milli ára
2016	94	
2017	134	43%
2018	168	25%
2019	235	40%
2020	376	60%
2021	500	33%
2022	650	30%

Þegar litið er til afdrifa fólks og árangurs þá hafa um 47% þjónustuþega (228 einstaklingar) farið í starf eftir að hafa fengið þjónustu sniðna að þörfum flóttafólks hjá Vinnumálastofnun á árinu 2021. Svipaður árangur er af ráðgjöf við karla og konur. Gerðir hafa verið 46 samningar um ráðningarstyrki með þessum 228 einstaklingum.

Landneminn er nýr samfélagsfræðsluvefur fyrir flóttafólk og var Vinnumálastofnun falið að sjá um gerð heimasíðu og Mímir-símenntun fengið til að sjá um gerð kennsluefnis á vefinn, sem er að norski fyrirmynd. Alls inniheldur vefurinn 60 kennslustundir í sjö meginköflum á sjö tungumálum þ.e. íslensku, ensku, arabísku, spænsku, dari, farsí og pólsku. Að öllum líkindum verður sómalska næsta tungumál.


Haldið hefur verið sérstakt kennslufræðinámskeið fyrir kennara sem vilja halda námskeið í samfélagsfræðslu. Nú hafa verið haldin tvö námskeið fyrir þrjátíu kennaraefni af öllu landinu og þar hafa nokkrir persónulega reynslu af því að vera í stöðu flóttafólks á Íslandi.

Búið er að halda átta námskeið í samfélagsfræðslu og hafa ráðgjafar hannað námsmat sem sent er á alla sem ljúka námskeiðinu. Hingað til sýnir matið mikla ánægju og er Vinnumálastofnun mjög spennt fyrir því að þróa verkefnið áfram með öllum þeim möguleikum sem í því felast.

Þróun fjárhagsaðstoðar hjá Reykjavíkurborg á árinu 2021

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar hefur tekið saman þróun fjárhagsaðstoðar til framfærslu á þessu ári og ljóst er að notendum hefur fækkað úr 1.279 í sept. 2020 í 1.127 í sept. 2021. Um 48% notenda eru atvinnulausir og er mun hærri hlutfall Íslendinga óvinnufærir samanborið við þá sem hafa erlent ríkisfang. Hlutfall atvinnulausra (vinnufærra) er jafnt á milli Íslendinga og fólks með erlent ríkisfang.

Fjárhagsaðstoð til framfærslu í september 2021



Um 36% notenda fjárhagsaðstoðar til framfærslu í september voru með erlent ríkisfang og um 21% allra notenda eru flóttafólk. Áhugavert er að rýna þróunina á þessu ári með hliðsjón af þeirri staðreynd að fleiri og fleiri einstaklingar fá vernd á hverju ári. Flóttafólki sem fær fjárhagsaðstoð til framfærslu hefur fækkað úr 304 í sept. 2020 í 227 í sept. 2021 eða um 25% á einu ári. Í september 2020 var hlutfall flóttafólks af heildarfjölda þeirra sem fékk fjárhagsaðstoð til framfærslu 24% og í desember 2020 var það hlutfall 27%. Í september 2021 var hlutfall flóttafólks komið niður í 21% af heildarfjölda þeirra sem fengu fjárhagsaðstoð til framfærslu frá Reykjavíkurborg.

Hér má nálgast gögn velferðarsviðs RVK um fjárhagsaðstoð til framfærslu á árinu 2021

